

Nd.

395. Framvarp

til laga um dýrtíðarstyrk.

Flutningsm.: Gisli Sveinsson.

1. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að veita einstökum mönnum styrk af landsfje, ef þeir komast í neyð vegna þrenginga, er stafa af heimsstyrjöldinni, svo að eigi sjeu megnugir af eigin ramleik að framfleyta sjer og sinum.

2. gr.

Sá, er styrks vill leita samkvæmt 1. gr., skal snúa sjer með umsókn þar að lútandi til bæjar- eða sveitarstjórnar, þar sem hann á heima, og sendir hún síðan þá umsókn til landsstjórnar, eftir að hafa rannsakað hag styrkbeiðanda, enda fylgi beiðninni vottorð bæjar- eða sveitarstjórnarinnar um það, að hún telji umsækjandann styrkþurfa af áður greindum ástæðum, og geri hún tillögu um, hve hár styrkurinn verði. Landsstjórnin ákvarðar í hvert skifti, með ráði bæjar- eða sveitarstjórnar, á hvern hátt umræddan styrk skuli greiða.

3. gr.

Styrkur sá, er ræðir um í lögum þessum, er eigi afturkræfur. En heimilt skal þeim, er nýtur, að endurgreiða hann landssjóði að einhverju eða öllu leyti. Styrkurinn veitist án alls tillits til uppbótar, sem styrkleitandi kann að fá eða hafa fengið á vinnukaupi sinu eða launum sökum peningaverðfalls, ef skilyrði fyrir veitingu eru að öðru leyti fyrir hendi. Eigi hefir hann heldur neinar þær afleiðingar í för með sjer, er svifti menn almennum rjettindum.

4. gr.

Til þess að standast gjöld öll samkvæmt þessum lögum, heimilast landsstjórninni að taka lán eða nota lánsfje.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda út eitt misseri eftir að styrjöldinni lýkur.

Ástæður.

Mönnum virðist vera ljóst, að til þess geti komið vegna hörnunga, er heimsstyrjöldin leiðir yfir landið, að hlaupa þurfi undir bagga sjerstaklega og bæta úr áorðinni eða yfirvofandi neyð, og það enda þótt atvinna haldist, kaup hækki og dýrtíðaruppbót verði veitt starfsmönnum landsins á launum þeirra. Þær

leiðir, sem stungið er upp á að fara í þessu efni⁴ í frumvörpum, er þegar eru fram komin á þingi — að landssjóður greiði *verðhækkun* á lífsnaðsynjum handa öllum, og að *lán* sjeu veitt m. m. — virðast eigi hentar. Fyrir því er þetta frv. borið fram um beinan og óafturkræfan styrk, þar sem nauðsyn krefur. Frv. skýrir sig að öðru leyti sjálf og við framsögu verður gerð frekari grein fyrir því.